Meiri hluti fólks sem notar gjaldskyld bílastæði í miðborg Reykjavíkur borgar með smámynt, eða um 92 prósent. Þetta er niðurstaða könnunar sem Bílastæðasjóður Reykjavíkur lét gera í lok síðasta árs og greint er frá á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is. Þetta kemur mönnum nokkuð á óvart enda borgar fólk fremur með klinki en með greiðslukorti eða síma, þótt það standi til boða í svörtum miðamælum.

Þess má geta að miðar úr tímamælunum svörtu gilda víða. Algengur misskilningur er að það þurfi að greiða í stöðumæli aftur ef viðkomandi er með gildan tímamiða í framrúðunni. Til dæmis ef keyptur er tímamiði við Laugaveg 77 má nota hann við alla gjaldmæla niður Laugavegin og í allri Kvosinni meðan hann er í gildi.

Í könnuninni var einnig athugið að afstaða fólks til þess að borga í stöðumæli. Ríflega 70 prósent aðspurðra töldu að gjaldtaka fyrir bílastæði í Reykjavík ætti rétt á sér en aðeins tæplega 30 prósent voru fylgjandi ókeypis stæðum. Því hefur fylgi við gjaldtöku aukist nokkuð en árið 2004 taldi helmingur að stæðin ættu að vera ókeypis.



Sjötíu prósent aðspurðra voru hlynnt gjaldtöku fyrir bílastæði.



Frá Íslandsmóti kaffibarbjóna 2007.

Kaffibarbjónar halda Íslandsmót

Ellefta Íslandsmót kaffibarbjóna verður í Kringlunni um helgina.

Íslandsmót kaffibarbjóna verður haldið nú um helgina í Blómagarði Kringlunnar. Kaffibarbjónafélag Íslands stendur fyrir mótinu og eru þrettán keppendur skráðir.

Mótið hefst klukkan 11 á morgun en á sunnudag keppa þeir sex sem komast áfram í úrslitakeppnina sem hefst klukkan 13. Sigurvegarinn vinnur sér inn keppnisrétt á heimsmeistaramótið en í ár

verður það haldið í London dagana 23. til 25. júní.

Keppendur mótsins þurfa að framreiða tólf drykki fyrir fjóra bragðdómara. Tveir tæknidóm- arar fylgjast með vinnubrögðum keppenda. Fjórir drykkjanna eiga að vera staðlaðir espresso, fjórir staðlaðir cappuccino og loks fjórir frjálssir drykkir, hannaðir af keppendum með hráefni að eigin vali. Keppendur hafa fimmtán mínútur til að framreiða drykkina. Vafalaust er það fín skemmtun fyrir kaffiáhugamenn að fylgjast með.

Gullsmíðaverkstæði Árna Höskuldssonar
lokar 6. mars næstkomandi

Mikið úrval
skartgripa

ÚTSALA

40% afsláttur
af öllum vörum

Opnunartími 13:00 til 18:00 virka daga
laugardaginn 6 mars 11:00 til 17:00

Bergstaðastræti 4 – 101 Reykjavík – Sími: 562-0335



KATVIG
VOR/SUMAR
LÍNAN ER KOMIN Í
VERSLANIR 3 SMÁRA



LAUGAVEGI 25 OG
SMÁRALIND

Helgarbrjálæði

Valdir skokkar 40% afsl.



Áður 16.990

Nú 9.990

st 38-48

Takmarkað magn



Laugaveg 54,
sími: 552 5201



» Það er ekki að ástæðulausu að þeytarinn og önnur áhöld frá Rösle eru með fimm ára ábyrgð – þau eru einfaldlega óþreytandi. Þetta gróna þýska fyrirtæki hefur framleitt hágæða eldhúsaðhöld úr stáli í nær hundrað ár og er reynslunni ríkara. Rösle leggur mikla áherslu á gæði og stílhreina hönnun.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is ✉ kokka@kokka.is





Fallegur barnafatnaður, skór og viðarleikföng. Með mannúð að markmiði styðja margar af vörnum okkar góð málefni

Hlökkum til að sjá ykkur!

Litil í upphafi
We start out small

www.litilupphafi.is • S: 5523636
Skólavörðustíg 5 • 101 Reykjavík

vera

NÝJAR VÖRUR

olsen
sandwich

vera • Laugavegi 49
Sími 552 2020

ALLT HELGIN
Laugardaga

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447



NÝJAR VÖRUR

Lifstykkiabúðin

Laugavegi 82

abecita

Við aukum vöruúrvalið.

Ný litrík barnatíska frá Spáni
MAYORAL 0-14 ára.

20% kynningarafsláttur föstudag og laugardag af öllum IANA og MAYORAL vörum.

mayoral



IANA

Laugavegi 53 • s. 552 3737

Opið mánudag til föstudag 10-18, laugardag 10-17



Bókakaffi eru fjölmörg í litlu Reykjavík og vinsæll afþreyingarmöguleiki borgarbúa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lestrarstund í Reykjavík

Nokkuð af því sem gerir bæjarferð góða er heitur kaffibolli og skemmtilegt lestrarefni. Í 101 eru ótal möguleikar fyrir lestrarhesta í síðdegisfrí – bókasöfn, bókaúbir og ekki síst bókakaffihús.

Bókakaffihús hafa spröttið upp eins og gorkúlur síðustu árin og ekki langt að minnst þessar þegar Súfistinn í Bókabúð Máls og menningar og síðar Grái kötturinn buðu ein kaffihúsa upp á bóka-lestur yfir kaffibollanum. Auk Súfistans og Gráa kattarins, þar sem líta má í bækur og blöð yfir bollarann, má nefna Eymundsson á Skólavörðustíg og í Austurstræti, þar sem Te og kaffi rekur kaffihús og er opið til tíu á kvöldin. Á Laugavegi 18 má svo finna kaffihús sem einnig selur bækur og býður upp á lestur þeirra og kallast Glætan bókakaffi.

Þeir sem eru í leit að lesefni geta, auk áður upptalinna bóka-búða, arkað um ansi grösugan garð og vert að minna á litlar búðir sem stundum vilja gleymast

eins og Bókabúð Steinars á Bergstaðastræti 7. Unnendur arkitektúrs, garðræktar, hönnunar og ljósmyndunar geta til að mynda fundið þar ýmsar bækur sem fást ekki annars staðar og listaverka-bækur skipa þar stóran sess. Drjúgum hluta úr degi má svo eyða í Fornbókabúð Braga Kristjónssonar þar sem úir og grúir af bókum frá öllum tímum um allt milli himins og jarðar. Fyrir þá á andlegu og trúarlegu nótnum er Kirkjuhúsið svo í miðjum suðupunkti Laugavegarins en mikið af góðum bókum fyrir handleiðslu á erfiðum tímum sem þessum er þar að finna.

Að lokum er vert að minnst á það sem í boði er fyrir safna-fólkið en auk bókasafnsins sem flestir þekkja, Borgarbókasafns-

ins í Tryggvagötu, væri hægt að breyta til og setjast í lestrarsal Þjóðskjalasafnsins. Þar mætti til að mynda glugga í gamlar íbúaskrár eða gömul götukort en þó eru ekki öll skjöl opin almenn- ingi og til að mynda ekki hægt að biðja um þau er teljast lúta að vörnum ríkisins. Salurinn er opin frá tíu til fimm síðdegis á virkum dögum yfir vetrartím- ann, nema á föstudögum, þá er opið til fjögur.

Lestrarhestar í norrænum bókaham geta svo skokkað yfir mýrina og kíkt í bókasafn Nor- ræna hússins sem opið er frá 12-17 alla daga vikunnar. Bóka- safnið á til að mynda þrjár nýjar ævisögur um sænska djasstón- listarmenn þessa dagana.

juliam@frettabladid.is



Þjóðskjalasafnið geymir skjöl þjóðarinnar og þau sem eru opin almenningi má lesa í lestrarsal safnsins.



Bókabúð Steinars við Bergstaðastræti er fjársjóðskista listfenginna bókaorma.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Auðvelt er að gleyma stund, stað og tímabelti í Bókabúð Braga Kristjónssonar.

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 5. mars 2010

Dagur Kári um The Good Heart, stóra eplið og lopahúfur

EKKI RÍKISSTYRKT EGÓFLIPP



NÝR SKEMMTISTAÐUR OPNAÐUR Í GAMLA GAUKNUM + SKARTGRIPUR SEM LÆTUR FÓLK BROSNA + GRÚSKAÐ Á BÓKAMARKAÐI + NÁTTÚRULEG FEGURÐ



AMD TÖLVUPAKKI 2

- CoolerMaster Elite turn
- AMD Athlon II X240 2,8GHz DualCore örgjörvi
- 2GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 640GB SATA II WD diskur
- MSI ATI Radeon HD4200 skjákort
- Philips 201E1SB 20" LCD breiðskjár
- Windows 7 Home Premium



Kr. 129.950



SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

núna

*nýtt og spennandi

INGA MARÍA LEIFSDÓTTIR KYNNINGARSTJÓRI

Í kvöld hefði ég svo sannarlega farið að sjá Aidu-ástarþríhyrninginn í Íslensku óperunni. Þegar sýningin hefst verð ég hins vegar þó nokkrum metrum ofar, í flugvél á leiðinni yfir Atlantshafið til minnar gömlu heimaborgar, New York. Ég fer þó að sjá La Bohème í Metropolitan þannig að óperuhelginni er borgið! .



Gamla djammliðið sameinast



Leikhúskjallarin opnar aftur um helgina með endurfundum þeirra sem djömmuðu þar árin 95-99. Þar má nefna Bjössa í World

Class, Gústa á Langabarnum, Kela barþjón, Leif gamla í hurðinni og allt sveitt og stappað. Siggi Hlö og Valli Sport verða í diskóbúrinu og samkvæmt fréttatilkynningu verða þar „karlmenn með svitarönd á bakinu og stelpur með brjóstaskoru“.

RÚV að taka sig á?

Vakið hefur athygli undanfarna viku að sjónvarpskonur á RÚV eru farnar að klæða sig í ögn klassískari fót en vanalega. Ragnhildur Steinunn og Þóra Arnórsdóttir hafa birst á skjánum í fallegum svörtum kjólum og toppum og forngríska tiskan virðist hafa horfið í bili. Það er spurning hvort að fárið um ljótu kjólana í Eurovision hafi haft einhver áhrif þar á.



Þetta HELST

Mesti hipster Íslands?



Vefritið www.ablogabouticeland.com hefur tilnefnt mesta hipster Íslands. Maðurinn er nefndur Frímann Ísleifur Frímansson og er tekinn tali vegna þess að tónlistar- og fatasmekkur hans þykir afburðasmart. Frímann er sagður vera ótýpískur hipster, hann klæðist ekki dúnúlpu á veturna og litríkum fötum heldur kýs þrönga frakka, támjóa skó og leðurjakka, allt í svörtu. Þess má geta að Frímann er nýbyrjaður að þeyta skífum á barnum Bakkusi þar sem hann spilar dimmt töffararokk.

Nýr skemmtistaður opnaður á laugardag:

KLÚBBUR Í MIÐBÆNUM

Þetta er staðurinn sem vantaði,“ segir Bóas Kristjánsson, einn forsprakka næturklúbbsins „Venue“ sem opnar dyr sínar á laugardagskvöld. Venue er á Tryggvagötu fyrir aftan barinn Bakkus í rýminu sem var gamli Gaukur á Stöng. „Það hefur verið heilmikið í gangi í íslensku danssenunni og okkur fannst vanta stað sem spilaði það besta sem er að gerast í íslenskri danstónlist. Teknó.is tók dálítið yfir þessa danssenu hérna heima og maður hefur lítið heyrt nema það sem ég kalla bensínstöðvateknó,“ segir hann og hlær. „Þetta rými var alveg fullkomið fyrir þessa hugmynd og við höfum unnið baki brotnu undanfarnar þrjár vikur við að endurskipuleggja rýmið og hugsa upp konseptið,“ útskýrir Bóas. „Ég hef ferðast mikið um Evrópu og farið á klúbba þar og ég myndi segja að nýi staðurinn endurspeglar staði í París, London, Ístanbul og Antwerpen og útkoman er einhvers konar bræðingur úr þessu öllu.“

Bóas segir að innréttingarnar séu einhvers konar leifar af 2007-stemningunni með endurnýttum húsgögnum í bland. „Við vorum ekki að fara að henda inn kristalsljósa-krónum og gosbrunnnum en staðurinn er alveg óþekkjanlegur frá því sem hann var. Við erum með DJ búrið í miðjunni og höfum fengið inn splunkunýtt hljóðkerfi. Svo verður það væntanlega „kráðið“ sem mun gera staðinn.“ Hvað varðar tónlistina þá er það

Það hefur verið heilmikið í gangi í íslensku danssenunni og okkur fannst vanta stað sem spilaði það besta sem er að gerast í íslenskri danstónlist.

gamli Sirkusrefurinn Maggi Lego sem þeytir skífum á laugardaginn ásamt DJ Yamaho en á dagskránni er að fá fræga plötusnúða frá útlöndum. Einnig má geta þess að DJ Hólmar er væntanlegur frá New York í lok mánaðarins til að spila á Venue. „Svo verður væntanlega full dagskrá hjá okkur í tengslum við Reykjavík Fashion Festival og margt fleira spennandi fram undan,“ segir Bóas.

Venue verður opnað almenningi á miðnætti á laugardagskvöld og er með aðdáendasíðu á Facebook.

- amb

Opnar nýjan stað Bóas Kristjánsson er einn forsprakka klúbbsins Venue í Tryggvagötu.



MYND/CHARLIE STRAND

Ævintýri í Reykjanesbæ
fyrir alla fjölskylduna

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

Uppgangur hjá Andersen og Lauth:

Tískuskvísa vill Andersen & Lauth

Breska sjónvarpskonan Alexa Chung er iðulega á listum yfir best klæddu konur heims og hefur hlotið viðurnefnið „Fashion's favourite girl“. Alexa er til að mynda á forsiðu breska Vogue og í ítarlegum myndarþætti og viðtali innan í blaðinu. Alexa, sem er með þætti á MTV, var nýlega mynduð



úti á lífinu í London klædd í fatnað frá íslenska merkinu Andersen & Lauth sem eru ekki ama- leg meðmæli. Andersen & Lauth vöktu mikla athygli á tískuvikunni í Kaupmannahöfn í lok febrúar og hönnun þeirra hefur birst í virtustu tisku- blöðum Danmerkur.

- amb

*auðnablikið



TÖFFARALEG Leikkonan Sharon Stone var glæsileg að vanda á tisku- sýningunum í Milanó í vikunni með stór dökk sólgleraugu.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsiðumynd Anton Brink Ritstjórn Anna M.Björnsson
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



+ Gildir til 7.3. 2010

ÍSLENSKA SÍMUNARLYFJA

Lancome Hydra Zen Neurocalm

LANCÔME Hydra Zen Neurocalm
Vinsælasta dagkremið frá Lancome. Kremið róar húðina og fyllir hana raka. Gelkrem fyrir þá sem vilja léttu áferð, krem fyrir normal húð og krem fyrir þurra húð.

~~7.831 kr.~~

6.265 kr. +



Clarins 24 stunda krem

CLARINS 24 stunda krem
Söluhæsta 24 stunda kremið frá Clarins. Ver húðina gegn kulda og stuðlar að rakajafnvægi.

~~7.769 kr.~~

6.215 kr. +



Estée Lauder DayWear Plus

ESTÉE LAUDER DayWear Plus
Dagkremið sem færir húðinni raka og geislandi áferð og lit. Öflugur rakagjafi og andoxunarefni fyrirbyggja línur og hrukkur. 50 ml.

~~8.273 kr.~~

6.618 kr. +



L'Oréal Hydratfresh

L'ORÉAL Hydratfresh er einstakt rakakrem með gelkennda áferð og smýgur hratt inn í húðina. Bæði fyrir þurra og viðkvæma húð og normal húð.

~~7.239 kr.~~

1.790 kr. +



Sothys Hydrooptimale og Noctuelle

SOTHYS Hydrooptimale & Noctuelle
Hið frábæra dagkrem Hydrooptimale comfort og Light day nú saman í falgri gjafaöskju með Noctuelle næturkreminu

~~9.513 kr.~~

8.086 kr. +



CLINIQUE Superdefence

CLINIQUE Superdefence. Mest seldi rakakremið frá Clinique. Ofnæmisprófað og 100% ilmefnalaust.

~~7.519 kr.~~

6.015 kr. +



núna

* Reykjavík, Reykjavík...



GAMALDAGS LÚXUS

Þessi nýja shea butter-sápa frá franska merkinu l'Occitane nærir og mýkir þurra vetrarhúð.



„Þetta svínvirkar.“ Helga Birgisdóttir með hálsmenið „Smiler“ sem hún hannaði þegar kreppan skall á.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Helga Birgisdóttir hannað hálsmen sem fær fólk til að brosa

Skart sem breytir lífi þínu

Mig langaði að búa til grip sem fær fólk til að líða betur,“ útskýrir myndlistarkonan og ljósmóðirin Helga Birgisdóttir en hún hefur hafið sölu á afar sérstöku hálsmeni. Helga segist hafa verið með hugmyndina í höfðinu í nokkur ár en þegar kreppan skall á lét hún hana verða að veruleika. „Þetta er gripur sem er huglægur fyrir mér. Þetta er eins

konar hjálpartæki gleðinnar sem ég kalla „Smiler“ eða brosara á íslensku. Þetta er hálsmen úr postulíni og silfri og þegar það er sett á milli munnvikanna birtist brosa á andliti fólks.“ Hálsmenin eru handgerð og hvert og eitt þeirra einstakt. Helga segir menið vera fyrir bæði kynin og alla sem trúa því að þeir skapi sín eigin örlög. „Þegar það er mótstreymi í lífinu

getur verið mjög erfitt að brosa. En þegar þú setur þennan grip á milli munnvikanna þá fara allir að hlæja í kringum þig. Þá verður þú sjálfur ósjálfrátt glaður og andrúmsloftið léttist í kringum þig.“ Brosarann er hægt að nálgast í Gallerí List, Kaffi Loka og á heimasíðunni www.gegga.is auk þess sem hann fæst í tiskuversluninni Glad I Never í Berlín. - amb

Dior

MORE BEAUTIFUL TODAY THAN YOU WERE AT 20

ONE ESSENTIAL

Skin Boosting Super Serum

Tímamóta uppgötvun frá Dior. 15 ára rannsóknarvinna – 10 einkaleyfi – 21 formúla. Samstundis aukin gæði húðar, sléttari og fyllri húð. Húðin þéttist – húðholur dragast saman. Húðin endurheimtir fyrra líf.

HYGEA
snyrtivöruverslun

Smáralind - Sími 5543960
Kringlan - Sími 5334533

Dior kynning föstudag og laugardag í Hyegu Kringlunni og Smáralind.

Sérfræðingar frá Dior verða á staðnum og veita þér faglegar ráðleggingar á kremum og litavöru.

- Fallegir vorlitir
- Nýr púðurfarði og hyljari í Nude línunni
- One Essential Skin Boosting Super Serum

Vertu velkomin og kynntu þér það nýjasta frá Dior í Hyegu um helgina. Fallegar gjafir og tilboð.

Bókaunnendur velja sér bækur á bókamarkaði

GRÚSKAÐ Í PERLUNNI

SIGTRYGGUR BERG SIGMARSSON MYNDLISTAR- OG TÓNLISTARMAÐUR


Meistarinn og Margaríta eftir Mikhaíl Búlgakov. Ég keypti þessa bók handa kærustunni minni þar sem hún á eftir að lesa hana. Þetta meistarastykki er í miklu uppáhaldi hjá mér.

Anna eftir Guðberg Bergsson. Guðbergur er að mínu mati besti rithöfundur íslensku þjóðarinnar. Ég átti þann heiður að fá að spjalla við hann eina kvöldstund og komst að því að hann er ekki bara besti rithöfundur þjóðarinnar heldur finni karl líka.

Stubbur – úr seríunni Skemmtilegu smábarnabækurnar. Ég keypti þessa bók handa kornungum syni mínum og vona að hann eigi eftir að hafa gaman af henni síðar meir. Þessar bækur eiga góðan sess í minningunni og eru bæði sérkennilegar og myndnar. Svo eru teikningarnar svo skemmtilegar.

Mutes eftir Sigurð Guðmundsson. Frábær bók sem fylgdi sýningu sem var haldin árið 2008. Sigurður er mikill snillingur og í uppáhaldi hjá mér.

Yosoy eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur. Guðrún er nágranni minn og mig langaði að tékka á skrifum hennar. Reyndar veit ég að hún er mjög skemmtilegur rithöfundur en ég á eftir að lesa þessa bók.



VERA SÖLVADÓTTIR KVÍKMYNDAGERÐ-ARKONA

Ferð um himingeiminn eftir stjórnufræðinginn Jan Tauber. Þessa dagana hefur hugurinn reikað til afstæði hlutanna og fannst tilvalið að velja bók um stjórnufræði. Ég hugsa að bókin svari jafnmörgum spurningum og hún spyr. Það er alltaf gaman að forvitnast og reyna að færa himininn nær jörðu og ferðast inn í óraviðdir alheimsins.

Umskiptin eftir Franz Kafka. Í þýðingu Ástráðs Eysteinssonar og Eysteins Þorvaldssonar. Ég greip þessa bók með mér þar sem ég hef ekki enn lesið þetta lykilverk nútímabókmennta. Ég hef alltaf verið hrifin af írónísku sjónarhorni Kafka. Óhefðbundið er jákvætt orð í mínum orðabókum.

Kona með spegil – Svava Jakobsdóttir og verk hennar. Ritstjóri Ármann Jakobsson. Ég hef verið að stúdera Svövu að undanförunu og hef mikinn áhuga á að kynna þá betur hvaðan hún kemur. Hún skyggist alltaf á áhugaverðan hátt inn í íslenskt samfélag og ég kann vel að meta hvað hún getur verið óhugnanleg og áleitinn í skrifum sínum.

Óvinurinn eftir Emmanuel Carrère. Ég las þessa fyrir nokkrum árum og fannst hún alveg mögnuð. Það er kominn tími á að lesa hana aftur. Í þetta sinn í þýðingu Sigurðar Pálssonar sem ég veit að veldur mér ekki vonbrigðum.

HAFSTEINN MIKAEL GUÐMUNDSSON MYNDLISTARMAÐUR

Síðustu minnisblöð Tómasar F. fyrir almenningssjónir eftir Kjell Askildsen. Frábært smásagnasafn sem hefur horfið úr bókaskápnunum mínum í tvígang, tel það vera meðmæli með þessari bók.

Ævintýri Artúrs Gordons Pym eftir Edgar Allan Poe. Það jafnast ekkert á við góða svaðilfór. Artúr Gordon Pym fer á sjóinn sem laumufarþegi um borð í hvalveiðiskipinu Grampusi. Uppreisn, mannat, óveður og fleira... Klassik! Þessi þýðing fór algjörlega fram hjá mér og því mikill fundur.

Kvæði frumort og þýdd eftir Jón Þorláksson. Þarna er að finna brót úr Paradísamissi Miltons í þýðingu Jóns ásamt öðrum perlum.

Lestir undir smásjá eftir Bohumil Hrabal. Ég hef verið aðdáandi Bohumils Hrabal síðan ég las þókina Alveg glymjandi einvera í íslenski þýðingu Þorgeirs Þorgeirssonar.

Vatnið og hin duldu skilaboð þess eftir Dr. Masaru Emoto. Hér rýnir Dr. Masaru Emoto í vatnskristalla og kemst að þeirri niðurstöðu að skilaboðin frá vatni eru kærleikur og þakklæti.



Ferming
2010



19.900,-



fjögur saman 1.990,-



30%
áður 11.900,-
nú 8.330,-



24.900,-

9.900,-



30%
áður 16.900,-
nú 11.830,-



790,-

1.990,-



490,-



190,-

1.190,-



1.390,-

kertahlíf
590,-

3 fyrir 2
Snyrtivörur



2.490,-



2.990,-



5.990,-

3.490,-

Púðar

Glæsilegt úrval
af litríkum
púðum



4.990,-



2.990,-



2.990,-

the
PIER

kemur stöðugt á óvart ...

Opnunartímar: Korputorg 11-18:30 mán. til föst. Smáratorg 11-19 mán. til föst.
Helgar á báðum stöðum laug. 10-18 sun. 12-18

EKKI RÍKISSTYRKT EGÓFLIPP

Margir hafa beðið spenntir eftir nýjustu kvikmynd *Dags Kára Péturssonar*, *The Good Heart*. Nú er hún komin í bíó og með því verða kaflaskil í lífi leikstjórans, sem hefur hrærst í heimi hennar í nokkur ár. Í viðtali við Föstudag segir Dagur frá vinnunni með Hollywood-stjörnum, hlátri og gráti og framtíð sem sveipuð er óvissu.

Viðtal: Hólmfríður H. Sigurðardóttir
Ljósmyndir: Anton Brink

Þegar Dagur Kári Pétursson gerir bíómyndir lætur hann sér ekki nægja að leikstýra þeim. Hann skrifar nefnilega handritin líka sjálfur og býr til tónlistina með dúóinu sínu, Slowblow. Það er góð ástæða fyrir því að hann hagar hlutunum á þennan veg. „Ástæðan fyrir því að ég fór út í kvikmyndagerð var einmitt sú að ég hafði áhuga á þessu öllu saman. Mig langaði að verða tónlistarmaður, ljósmyndari og rithöfundur, en ég gat ekki gert upp á milli. Þannig að ég sá að kvikmyndagerð væri fullkomin fyrir mig, því þá gæti ég verið að vasast í þessu öllu saman. Þar af leiðandi hefur mér þótt mjög mikilvægt að fylgja þessu öllu eftir, alveg frá a til ö, í bíómyndunum mínum. Frá því að fyrsta orðið er skrifað á blað þar til síðasti tónninn er sleginn.“

FJÖLDINN AÐ TJALDABAKI

Aðalleikarar nýjustu bíómynda Dags Kára, *The Good Heart*, eru Bandaríkjamennirnir og stórstjörnurnar Brian Cox og Paul Dano. Myndin er tekin upp í þremur löndum – hérna á Íslandi, í Bandaríkjunum og á hvítum ströndum Dóminíska lýðveldisins. Þrátt fyrir hinn alþjóðlega blæ er framleiðsla myndarinnar að langstærstum hluta til íslensk. „Við vorum í fjórutíu daga í tökum og þar af voru þrjátíu dagar á Íslandi með alíslensku tökulíði. Svo tókum við stóran hluta af því með okkur til Ameríku og öll eftirvinnsla var hér á Íslandi.“

Mikill fjöldi fólks kemur að framleiðslu einnar kvikmynda. Dagur hefur ekki tekið það saman hversu margir unnu að myndinni í heild en segir láta nærri að á bilinu 100 til 200 manns hafi unnið að myndinni, ýmist frá upphafi til enda eða í nokkra daga.

HOLLYWOOD-STJÖRNUR

Dagur skrifaði handritið ekki sérstaklega með þá Cox og Dano í huga, en var sérstaklega ánægður að fá þá til liðs við sig, enda mjög hrifinn af þeim báðum. „Brian Cox sést oftast í smærri hlutverkum í stórum Hollywood-myndum. En alltaf þegar hann birtist langar mann að sjá meira af honum. Ég er alltaf jafn svekktur þegar hann er drepinn eftir tíu mínútur. Ég er mjög stoltur og ánægður með að



Kallar eftir innsýn og viðsýni Degi Kára þykir bæði pirrandi og leiðinlegt hvað það er algengt að kvikmyndagerðarmenn mæti því viðhorfi að þeir séu á ríkisstyrktu egóflippi. Ekkert sé eins fjarri sannleikanum, enda skili þeir þjóðfélaginu auði, bæði í menningarlegum verðmætum og beinhörðum peningum.



Brian Cox sést oftast í smærri hlutverkum í stórum Hollywood-myndum. En alltaf þegar hann birtist langar mann að sjá meira af honum. Ég er alltaf jafn svekktur þegar hann er drepinn eftir tíu mínútur. Ég er mjög stoltur og ánægður með að geta boðið upp á mynd þar sem fólk fær alveg nóg af honum.“

geta boðið upp á mynd þar sem fólk fær alveg nóg af honum.“

Hann var ekki síður ánægður með aðkomu Pauls Dano. „Paul Dano finnst mér líka frábær leikari. Hann hefur einhverja mjög sérstaka útgeislun á tjaldinu. Og hann er ekki þessi súkkulaðisæta týpa eins og margir ungir amerískir leikarar. Það hefði ekki hent að fyrir þessa mynd.“

Reynslan af því að vinna með stjörnunum var lærdómsrík. „Paul Dano er ótrúlega þroskuð sál, þetta var svolítið eins og að vinna með gömlum manni. Brian Cox hefur unnið í mörg hundruð myndum og hefur ótrúlega reynslu og yfirsýn. Hann sá senuna fyrir sér fullklippta á meðan hann var að

leika hana. Ég hef aldrei upplifast að það fyrr hjá leikara. Það kom fyrir að hann segði: „Dagur, af hverju ertu að skjóta þetta, þú átt eftir að klippa þetta út.“ Þetta fór svona pínulítið í taugarnar af mér en því miður hafði hann nú oftast rétt fyrir sér!“ segir Dagur og brosir út í annað.

BORG BORGANNA

Bandaríkin voru líka nokkuð augljós kostur fyrir bíómyndina. En það mátti ekki vera hvaða borg í Bandaríkjunum sem er. Það varð að vera New York. „Það eru ákveðnar tilviljanir í sögunni sem meika ekki sens nema í stórborg. Það er líka ákveðinn ævintýrablaer yfir myndinni líka og

mér fannst þetta þurfa að gerast í „stórborginni“, sem er auðvitað New York. Ég er rosalega hrifinn af henni, meðal annars vegna þess að þegar maður lendir þar verður maður strax eins og einn af íbúunum,“ útskýrir Dagur Kári, sem reynir að heimsækja New York eins oft og hann getur. „Það er einstök orka þarna og maður fær það á tilfinninguna að allt geti gerst. Það skipti mig líka miklu máli að taka myndina upp í borg sem ég hefði persónulegt samband við.“

Það er þó án vafa auðvelt að detta í klisjurnar í borg sem þúsundir bíómynda gerast í. Dagur forðaðist þær. „Það er ekki Times Square eða frelsisstytta að sjá. Ég

reyni að skapa þá tilfinningu að myndin ætti sér stað á Manhattan en samt á einhverjum týndum stöðum úr alfaraleið.“

HLÁTUR OG GRÁTUR

Líkt og í fyrri myndum Dags Kára geta áhorfendur bæði átt von á því að hlæja og gráta yfir *The Good Heart*. Þetta þykir Degi Kára mikilvægt. „Í kvikmyndum eru hlutirnir oft rosalega hreinræktaðir. Það eru grínmyndir, hryllingsmyndir, spennmyndir eða harmleikir. Mér hefur fundist spennandi að blanda húmor og trega aðeins meira saman. Grunnkrafturinn er húmor og ég vil að fólk hlæi á mínum myndum. En hreinræktaðar grínmyndir skilja eftir sig einhvern tótleika hjá mér. Það er ekkert falskara en sykursætur happy ending.“

Hann vill að bíógestir finni harminn sem kraumar undir niðri, þó að bíómyndin sé myndin. „Í öllum þessum þremur myndum hef ég reynt að búa til nýja tegund af endi. Endi sem er hvorki hamingjusamur né sorglegur. Sumir upplifa von á meðan aðrir upplifa algjört vonleysi og þannig vil ég hafa það. Ég reyni að hafa myndirnar nógu opnar til þess að eitthvað sé skilið eftir fyrir áhorfandann til að túlka sjálfur.“

EKKI RÍKISSTYRKT EGÓFLIPP

Dagur Kári hefur tekið þátt í baráttu kvikmyndagerðarmanna gegn niðurskurðinum sem boðaður hefur verið í þeirri grein og margir óttast að gangi af honum dauðum. Sjálfur gengur Dagur með lopahúfu og býr í 101. En hvernig finnst honum umræðan um lopatreffana í 101 sem liggja á spena ríkisins. Fer hún í taugarnar á honum? „Þetta fer ekki bara í taugarnar á mér heldur tek þessa umræðu nærri mér. Maður er að vinna heiðarlega vinnu við erfið skilyrði og skila þjóðarbúinu auði, bæði í beinhörðum peningum og menningarlegum verðmætum. Þá er leiðinlegt hvað það er algengt að maður mæti því viðhorfi að maður sé á einhverju ríkisstyrktu egóflippi. Það er eins fjarri sannleikanum og hugsast getur. Ég lýsi eftir meiri viðsýni og innsýn í hvernig málunum er háttað.“

ÓVISSAN TEKUR VIÐ

Það eru heil tíu ár frá því að hugmyndin að *The Good Heart* spratt upp í kolli Dags Kára. Og síðustu árin hefur allt hans líf snúist í kringum hana. Hvað tekur nú við? „Það er eiginlega algjört óvissuástand hjá mér núna, ég veit eiginlega ekkert hvað ég ætla að gera. Ég gaf allt sem ég átti í þessa mynd og nú liggur við að mér þyki ég kominn á einhvers konar endapunkt,“ svarar Dagur í einlægni. „Ég er búinn að gera þrjár myndir og þótt þær séu ólíkar eru þær líka líkar, að því leyti að ég var að vinna með sömu elementin í þeim öllum. Þegar maður er búinn að gera eitthvað þrisvar getur verið kominn tími til að gera eitthvað nýtt. En ég veit ekki alveg hvað það verður. Ég er hins vegar með hin og þessi járn í eldinum. Það hefur til dæmis lengi blundað í mér að snúa mér alfaríð að tónlist. Hvort ég geri það á hins vegar alveg eftir að koma í ljós.“

* bak við tjöldin



Kvikmynd sem þú vildir sjálfur hafa gert:
Three Amigos.


Manneskja sem fær þig til að brosa:
Nicolas Bro.

Staður sem þú ferð á til að slaka á:
Höllin mín við Garda-vatnið.

Tónlistarmaður í uppáhaldi:
Peter Broderick.

Borg sem þig langar að kynnast betur:
Tókíó.

Staður sem þig langar að eyða ellidögnum á:
Suður-Frakkland.



NUTRILENK

NÝTT NÁTTÚRLEGT BYGGINGAREFNI FYRIR BRJÓSKVEFINN

Nýtt og endurbætt NutriLenk Gold fyrir betri lið- og beinheilsu

Okkur er sönn ánægja að tilkynna nýtt og en betra NUTRILENK GOLD. Búið er að bæta í formúluna C vítamíni, D vítamíni, kalki og mangan. Sterk bein og liðir grunnur að góðum lífsgæðum

*D-vítamín og kalk gegna mikilvægu hlutverki að viðhalda beinþéttni.

C-vítamín er mjög áhrifaríkt til uppbyggingar á kollageni sem styrkir bandvef, vöðva og brjóska

Grunnefnið mangan er talið styrkja brjóska



NutriLenk er fáanlegt í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða

*10 mgr. er af D-vítamíni í 6 töflum af NutriLenk Gold en 6 töflur eru teknar inn í tvær vikur á svokallaðri hleðslu, engin hættu er á ofskömmtun á D- vítamíni, þó fólk taki inn lýsi eða aðrar sjávarfisksolúr

G
RAW

Flottust

G-STAR RAW

Opið föstudag 11-18
laugardag 11-17

CHECK OUT THE G-STAR STORE IN REYKJAVÍK, LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

operated by v8 ehf

Útlit

* Fegurð og heilsa



GLITRANDI HÚÐ Þessi dásamlegi kinnalitur frá Bobbi Brown heitir Shimmer Stick og kemur í nokkrum fallegum litatönum, allt frá silfri upp í ferskulitað og bleikt. Litirnir eru fallegir á kinnar, augu og bringubein og veita frísklegan ljóma.

* algjört möst

Nýi diskurinn með Hudson Wayne, *How quick is your fish*, er ljúfur áheymar. Töfaralegt kántrískotið síðrokk.



Svangar miðbæjararrotur ættu að gefa kebabstaðnum

Habibi gaum en þar er á ferðinni ljúffengur ekta persneskur matur. Namm!

Enginn ætti að missa af sýningunni *Ljósítlífur* í Listasafni Reykjavíkur en þar gefur að líta úrval litríkra verka eftir hóp af framsæknu listamönnum landsins.

Hlíyr sokkar eru ómissandi þegar snjó kyngir niður í höfuðborginni. Verslunin Kron Kron er nýbúin að fá nýjar og spennandi vörur frá Gaspard Yurkevich, meðal annars hnésokka.



Annar skemmtilegur viðkomustaður á tfskulandakortinu um helgina er án efa verslunin *Nostalgía* á Laugavegi sem tók nýverið afar góðum breytingum. Þar leynist pottþétt djammdress fyrir laugardagskvöldið!

Hvernig er hægt að ná fram náttúrulegri fegurð?

BOTOX-LAUS FEGURÐ

Á hverjum degi má sjá myndir af frægum Hollywood-stjörnum sem líta óvenju vel út miðað við aldur. Við „venjulega fólkið“ komumst varla hjá því að fylgjast með þeim á síðum blaðanna. Oft horfum við með aðdáun á hversu vel viðkomandi lítur út en stundum hristum við hausinn og áttum okkur á því að viðkomandi er komin yfir þessi finu mörk, sem sagt með óeðlilegt útlit eins og til dæmis vel þekkt rauðhærð Hollywood-leikkona. Oftar en ekki, þegar við sjáum stjórnur á fimmtugsaldri líta brjálæðislega vel út; með slétta, þétta og ljóm- andi húð, má gera ráð fyrir að viðkomandi sé farin að nota Botox og hafi jafnvel lagst undir hnífinn. Eitt er víst að það er mikil vinna og kostnaður sem liggur að baki. Útlitskröfurnar í dag eru orðnar verulegar og oft á tíðum óraunhæfar. „Flest okkar viljum við nú líta vel út, má benda á að það má bæta ýmsu inn í daglega húðumhirðu til að ná fram frísklegu útliti án þess að stinga sprautunál í andlitið,“ segir Margrét Jónasdóttir fórðunarfræðingur.

„Ef fólk reykir og er ekki tilbúið til að hætta þá þarf ekki að lesa lengra því það mun aldrei ná fram því sem við erum að spá í hér. Reykingar bæta 10 árum við útlitið – punktur!“ Margrét segir að það sé afar mikilvægt að skoða mataræðið því það spili stórt hlutverk í því að halda húðinni fallegri og að líta vel út.

„Mataræðið þarf að vera fjölbreytt og innihalda mikið af Omega 3-fitusýrum. Fitusýrurnar eru mikilvægt næringarefni fyrir alla starfsemi líkamans eins og fyrir húðina og þá sérstaklega yfir vetrartímam. Líkaminn framleiðir ekki Omega 3-fitusýru og verður því að fá hana úr fæðunni. Einnig eru andoxunarefni meðal þeirra bætiefna sem eru hvað mikilvægust fyrir húðina. Virkni andoxun-



Náttúruleg fegurð Leikkonan Julia Roberts geislar alltaf af fegurð án þess að líta óeðlilega út. Fyrirsætan fyrirverandi, Christie Brinkley, er að nálgast sextugt en ljómar af heilbrigði og ber hrukkurnar vel.

arefna er fjölbreytt og talið er að þau geti verndað frumuhimnur líkamans og hægt á öldrun.“ Margrét bætir við að einnig verði að sinna yfirborði húðarinnar. „Til að hugsa vel um húðina er mikilvægt að eiga húðbursta og bursta húðina einu sinni til tvisvar á dag þegar húðin er hreinsuð. Gott er að nudda burstanum í hringlaga hreyfingar. Þetta fjarlægir dauðar húðfrumur og gerir það að verkum að blóðflæðið eykst og húðin endurnýjar sig því fyrir.“ Húðvörur eru orðnar einstaklega góðar í dag segir Margrét og er hægt að velja

úr ótal merkjum. „Það sem stendur upp úr eru krem sem eru notuð undir farða, eins konar „grunnur“ sem fyllir upp í finar línur og hrukkur. Grunnurinn þarf að vera þykkur með flauelsáferð til að gefa húðinni slétt yfirbragð. Þetta gelkennda efni er borið á húðina og látið þorna. Síðan er farðinn borinn á. Eftir að farðinn hefur verið settur á er tilvalið að velja eins konar „highlighter“ sem gerir það að verkum að húðin verður mjúk og ljómandi. Kremlitnum er dúppað örlítið á kinnbein, nefbein og enni. Til að móta andlitið



Undarlegt útlit Kylie og Nicole Kidman hafa báðar lagst undir hnífinn til að lyfta augum og fylla upp í varir.

er gott að dusta möttum kinnalit undir kinnbein, undir kjálkabeinið og létt í kringum andlitið nálægt hárrótinni. Þar sem varirnar minnka með aldrinum getur það virkað yngjandi að nota eins konar „lip plumper“. Það ertir og hleypir blóðflæðinu af stað og gerir varirnar örlítið þrýstnari og litameiri. Frábært ráð er að bretta upp á augnhárin áður en þau eru lituð. Það gerir að verkum að augnhárin virka lengri, það gefur bjartara yfirbragð á augun og yngir jafnvel upp.“

- amb



THE GOOD HEART

ÍSLAND :: KVIKMYNDIR 1904-2009 BERLÍN – KAUPMANNAHÖFN – REYKJAVÍK

Kvikmyndasögunýningin ÍSLAND :: KVIKMYNDIR hefur verið framlengd til hausts. Nýjustu myndbrotnin á sýningunni eru úr *The Good Heart*, *Sólskinsdreng*, *Brúðgumanum* og *Sveitabrúðkaupi*. Hægt er að horfa á yfir 100 kvikmyndir að eigin vali í fullri lengd, stuttmyndir, heimildarmyndir, leiknar myndir og myndir byggðar á bókmenntum.

Sýningin er miðuð við aldurshópin 16 ára og eldri. Frítt er á sýninguna fyrir framhaldsskólanema, eldri borgara og öryrkja. Ýmsir viðburðir eru áformaðir á sýningunni til hausts, upplýsingar á thjodmenning.is.

aga Borgarættarinnar > Land og synir > Börn náttúrunnar > Nói Albinói > A Little Tr



SÝNINGAR Á ÖLLUM HÆÐUM

Þjóðmenningarhúsið – The Culture House
National Centre for Cultural Heritage
Hverfisgötu 15 • 101 Reykjavík
Sími 545 1400 • www.thjodmenning.is
Sýningar • leiðsögn • verslun

Oprið daglega kl. 11.00 – 17.00
Aðrar sýningar: Íslendingar, Póstkortaár, Flora Islandica, Handritin.
Leiðsögn án endurgjalds í boði fyrir skólahópa.
Veitingar á virkum dögum.





RÉTTUR

SNÝR AFTUR 14. MARS
HÖRKUSPENNANDI LÖGFRÆÐIKRIMMI

FRÁBÆRIR
ÞÆTTIR
OG VEGLEG
PÁSKADAGSKRÁ



Sannleikurinn

how i met your mother 24 BONES GREY'S ANATOMY WIP&OUT COLD CASE NCIS
FRINGE GHOST WHISPERER AUDIO & SVEPPI THE AMAZING RACE modern family

SLUMDOG MILLIONAIRE



AUSTRALIA



ALVIN AND THE CHIPMUNKS



HIGH SCHOOL MUSICAL 3



LIVE FREE OR DIE HARD



EVAN ALMIGHTY



ÞAD ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

ÞAD MARGBORGAR SIG AÐ VERA Í STÖÐ 2 VILD

- ÓDÝRARA ÁSKRIFTARVERÐ
- ÝMIS TILBOÐ AF VÖRUM OG ÞJÓNUSTU
- MINNI FYRIRHÖFN
- FLEIRI STÖÐVAR

tíðin

*tíska og heimili



SEXI Þessi flotti ósamhverfi blái kjóll er ein af þeim stórsniðugu og fallegu flíkum sem finnast á vefsíðunni www.loulou.is og er vel þess virði að athuga því verði er stillt í hóf.



Mynstur og litir hjá Missoni: Keltnesk og afrísk áhrif

Sýning ítalska tískuhússins Missoni vakti óskipta athygli á tískuvíkunni í Mílanó í vikunni en þar gaf að líta þjóðleg áhrif víðs vegar að úr heiminum. Það mátti greina pönkara, masái-stríðsmenn og keltnesk mynstur í kjólum, peysum og kápum. Mikið var um fallegar skósíðar slár í ýmiss konar mynstrum sem minntu stundum jafnvel á búninga úr myndinni Braveheart. - amb



KROSS Ég safna krossum en söfnunin gengur hægt því ég er mjög vandlát á þá. Vænst þykir mér um þennan, því mamma og pabbi gáfu mér hann.




TOPP 10

REBEKKA JÓNSDÓTTIR

fatahönnuður



LÍFSBJÖRGIN
Ég keypti þessa úlpu þegar ég flutti heim frá LA í fyrra. Hún hefur bjargað lífi mínu.



KJÓLL ÚR NÝJU LÍNUNNI Ég var að fá sendingu af nýju línunni minni og er strax farin að nota þessa flík. Ég sé fram á að þetta verði uppáhaldskjöll í fataskápnum mínum. Ég verð með brot af nýju línunni minni á næsta Pop Up-markaði sem verður 20. mars í Hugmyndahúsi háskólanna.




TÖLVAN MÍN



Signatures Of Nature

Náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur



15%
kynningarafsláttur af nýju FLOWERS línunni

25%
afsláttur af öllum YES TO vörunum



- 100% náttúra
- lífrænt
- engin kemísk efni
- án paraben
- allt fyrir konur menn og börn
- allt fyrir andlit, líkama og hár



Nina Dögg Filippusdóttir leikkona

Ég nota snyrtivörur frá Signatures of nature og þær hafa hjálpað mér mikið með því að viðhalda jafnvægi í húðinni. Ég vinn mikið með smink á mér bæði í andliti og líkama og þarf því að hreinsa húðina vel og koma í veg fyrir ofur-viðkvæmni og eftir að ég fór að nota snyrtivörurnar frá Signatures of nature er mér nákvæmlega að takast það. Ólíu-body skrúbburinn fyrir líkama og andlitskremin eru sérstaklega að gera vel fyrir mína húð. Finn mikinn mun eftir notkun. Í gegnum mína reynslu get ég eindregið mælt með snyrtivörum frá Signatures of nature og þá sérstaklega fyrir þá sem eru með viðkvæma húð.



• **PARABEN FREE**
náttúrulegt, lífrænt, frábær krem, maskar

Verlsanir okkar eru í Smáralind 2. hæð við D-inngang sími 511-10-09



www.signaturesofnature.is



Í I-POD HELGARINNAR ER: Fever Ray – Fever Ray, kemur manni örugglega í filinginn á laugardagskvöldið. The Go Go Darkness – Dark Heart, ofursvalt íslenskt elektró-rokk. The Black Ryder – Buy the Ticket, Take the Ride, tregafullt kántrírokk frá nýrri ástralskri hljómsveit.



VERK EFTIR KARL KVARAN Foreldrar mínir eiga þetta verk en það er uppáhaldsmálverkið mitt. Ég man ekki eftir veröldinni án þess.



DIANA ROSS Mér hefur alltaf fundist þetta albúm rosalega flott. Ég sá það fyrir mörgum árum hjá Einarí vini mínum sem átti hana. Hann gaf mér plötuna í jólagjöf fyrir tveimur árum, sem mér þótti ótrúlega vænt um.



ILMVATNÐ KILLIAN
Eini ilmurrinn sem ég nota.



GULLHRINGIR Ég fékk þá í afmælisgjöf frá einni af mínum bestu vinkonum og þeir eru í miklu uppáhaldi.



BÆKURNAR MÍNAR Ég les mikið og á þrjár uppáhaldsbækur sem ég les að minnsta kosti einu sinni á ári. Það eru The Great Gatsby, The Catcher in The Rye og Pride and Prejudice.



GÍNAN AVA Án hennar yrðu engin fót til hjá mér.

purelogical

Collagen til inntöku

Undraverður árangur fyrir húð og líkama

Endurvekur unglega yfirbragð, húðin verður mýkri og stinnari á öllum líkamanum og andliti

Árangur sést eftir aðeins 3 vikur

Gott fyrir liðina, aukinn liðugleiki og betri liðan



Valið „favorite age-defying“ af tímaritinu MS London



Fæst í apótekum og Fríhöfninni

Collagen er öflugasta byggingarprótein líkamans, 75% af húðinni er collagen en framleiðsla líkamans minnkar með aldrinum. Afleiðingar af collagenskortri er m.a. slakari húð, hrukkur og stíðleiki í liðamótum og baki. Rannsóknir sýna að PureLogical collagen stuðlar að endurnýjun og uppbyggingu á brjóski, sinum, liðum og stoðvefjum húðarinnar. Inntaka stuðlar einnig að betri svefni. Gefur fljótt betri liðan í liðamótum, líkaminn og húðin verður fjaðurmagnaðri aukin mýkt, unglegri og stinnari. Styrkir hár og neglur. Framleitt eftir: Edible Food Regulation nr. 1999/724 EC. GMP staðall.

ENSKA ÁN ERFIÐIS

Frábær leið til þess að læra ensku þegar þér hentar, hvar sem þú ert Heima, í sumarbústaðnum eða í bílnum



Hlusta: Nám á 18 geisladiskum með enskum og íslenskum kennurum. Nemandinn hlustar á geisladiskana og nýtir þannig heyrnaminni sitt.

Les: Vinnubók með ensku og íslensku textunum hlið við hlið. Nemandinn nýtir þannig sjónminni sitt og tengir jafnframt við eldri námsaðferðir.

Tala: Nemandinn les upphátt með kennurunum og leiðréttir þannig framburð sinn, jafnframt nýtir hann tilfinningaminni sitt og færni í að tala ensku.

Aðstoð: Nemandinn getur haft samskipti við kennara símleiðis eða með tölvupósti

* Námskeiðið hefur reynst mjög vel fyrir nemendur eldri en 25 ára.

Nánari upplýsingar í síma 540-8400 eða 820-3799

Tungumál.is

Hringdu í síma

512 50 60
ef blaðið berst ekki





FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Hildur Maral Hamíðsdóttir útvarpskona



1
Ég byrja daginn á beyglu og kaffi á Kaffitári.

2
Næst rölti ég niður Laugaveginn og kaupi mér fin föt fyrir kvöldið.



3
Kvöldið er svo tekið með stæl, fyrst með matarboði í góðra vina hópi þar sem ég myndi spreyta mig á persneskri matargerð.

4
Stefnan er tekin á flotta tónleika eða bjórskraf á Kaffibarnum.



5
Í lokin yrðu tekin nokkur dansspor á Bakkusi, sem er eini staðurinn sem fær mig til að dansa!

Fender kassagítarpakki
28.990,- kr.
7.250,- kr. á mánuði vaxtalaust í 4 mán.

Skólafiðlur
verð frá 19.900,- kr.

Upptökubúnaður, hljóðnemar og heyrnatól
í miklu úrvali

YAMAHA blásturshljóðfæri
í miklu úrvali

Fender rafmagnsgítarpakki
49.990,- kr.
8.350,- kr. á mánuði vaxtalaust í 6 mán.

YAMAHA PSRE323
45.900,- kr.
7.650,- kr. á mánuði vaxtalaust í 6 mán.

YAMAHA DGX 630
179.990,- kr.

Úrval af gítar- og bassamögnurum

Premier trommusett
59.900,- kr.
9.980,- kr. á mánuði vaxtalaust í 6 mán.

YAMAHA DTXplorer
rafmagnstrommusett
165.000,- kr.

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

TÓNABÚÐIN

Síðumúla 20 ■ Reykjavík ■ S.: 591 5340 ■ www.hljodfaerahusid.is ■ Sunnuhlíð 12 ■ Akureyri ■ S.: 462 1415 ■ www.tonabudin.is

Tíska, fegurð, hönnun,
lífið, fólkið, menning
og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigrurdagny@365.is

föstudagur

Fylgstu með

Bílskúr

25 fm bílskúr til leigu í hverfi 108. V. 25 þús. Ekki íbúðarhæft. S. 698 2298.

ATVINNA

Atvinna í boði



Café Konditori Copenhagen

auglýsing eftir starfsfólki í afgreiðslu í bakarí/kaffihúsi. Vinnutími 13-18.30. Viðkomandi þarf að vera 18 ára eða eldri, duglegur, stundvís og heiðarlegur. Uppl. í síma 864-1585, Dagbjartur.

Viltu hressa vinnu? Vantar barþjóna og fólk í sal í hlutastar á Kaffi Zimsen. Reynsla er kostur. Vinsamlega sendið umsókn m. mynd til Heiðu á heidajons@gmail.com eða hafið samband við Gísli í s:7720388.

Starfsfólk óskast í verslun/bakarí Starfsfólk óskast til afgreiðslustarfa í verslun og bakarí í miðbæ Reykjavíkur. Um er að ræða hlutastörf á daginn, á kvöldin og um helgar. Áhugasamir sendi upplýsingar á kvosin@kvosin.is

Sportbar í Austurborginni óskar eftir vönu starfsfólki á bar og í ræstingar um hlutastar er að ræða á kvöldin og um helgar. Umsókn með mynd sendist á starf@visir.is öllum umsóknum verður svarað.



Ertu sælkeri? Elskar þú sælkeramat?

Pá eigum við kannski samleið. Kokkarnir veisluþjónusta leitar eftir metnaðarfullri mann- esku til að sjá um Osta- og Sælkerabörðið í Hagkaupum Kringlunni.

Starfssvið:

- Innkaup og pantanir - Starfsmannahald/mönnun vakta

- Laga brauð ofl. sem lagað er á staðnum

- Afgreiðsla úr Osta- og sælkerabörði

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð.

Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum. Furðufiskar ehf Funahöfða 7 110 Reykjavík

Matráður óskast Óskum eftir að ráða matráð, bakara, matreiðslumann eða starfsmann vanan matargerð í aukavinnu um helgar. Áhugasamir sendi upplýsingar á kvosin@kvosin.is

Dyraverðir óskast á vinsælan bar í Reykjavík um helgar. Uppl. í s. 895 8175 e. kl. 14.

Atvinna óskast

Málaraverktaki með 9 ára starfsreynslu óskar eftir vinnu. Vönduð vinnubrögð. Jón Ómar 822 8335.

Vanur smíður/ trésmíður gerir við hús og sumarhús. Vanur - Gott verð! S. 892 6958.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Símadömur 908 1616 Er ykkur kalt? Við verðum við. Hringdu í uppáhalds dómuna þína. Við biðum eftir þér!

Halla er ný.

Opið þegar þér hentar 908 1616.

SÍMAÞJÓNUSTUR



Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (fritt karlar)
555 4321 (fritt konur)

Spjall
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (fritt, konur)

Gay spjall
535 9988 (kreditkort)

Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)

Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Strákr spjallið við dómuna

S. 908 1010 alla daga

Tilkynningar



Guðspekifélagið

Í kvöld, föstudaginn 5. mars kl. 20:30 heldur Gísli Sigurðsson erindi, sem hann nefnir: Guðsögur Snorra-Eddu: Lýsing á raunheimi með aðferðum sjónhverfling-arinnar, í húsi félagsins, Ingólfssstraeti 22.
Laugardaginn 6. mars kl.14:00 er hugleiðing, kl. 14:30: Farið yfir fræðslu efni Sigvalda. Kl. 15:00: **Opið hús og Kl. 15:30:** Heldur Þórarinn Þórarinnsson erindi sem nefnist: Atlantis, Plátó og Völuspá.
Á fimmtudögum kl. 16.30-18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta
www.gudspekifelagid.is

Gallerí Símon Iokar á Laugaveginum. 15 - 60% afsláttur af öllum vörum. Opið: frá kl.13.00 - 18.00 virka daga, 11.00-16.00 laugardaga. S. 692 0997

VÍSIR.IS

"...ég sá það á vísi"

Tilkynningar



Mat á umhverfisáhrifum

- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

Móttökustöð Hringrásar hf., Ægisnesi 1, Akureyri

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

